

## REGLUGERÐ

### um ríkisábyrgð á launum.

#### 1. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs á launakröfu, orlofslaunakröfu, lífeyrissjóðskröfu og kröfum vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í þrotabú vinnuveitenda eru takmarkaðar hvað fjárhæð varðar með eftirfarandi hætti. Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum, eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda. Hámarksfjárhæðin skal fundin þannig að hæstu dagpeningar atvinnuleysisbóta í þeim mánuði sem gjalddagi kröfu fellur til margfaldast með meðalfjölda vinnudaga í mánuði miðað við eitt almanaksár, þ.e. 21.67, sú niðurstaða sem þannig fæst er síðan margfölduð með þremur.

#### 2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu á kostnaði er launþegi hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar á hendur vinnuveitanda. Hið sama á við þá er krefjast bóta sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem á tilkall til bóta vegna dauðsfalls launþega.

Sá kostnaður sem hér um ræðir og ríkissjóður ábyrgist er tvíþættur. Hafi launþegi hafið lögformlegar innheimtuáðgerðir fyrir gjaldþrot greiðir ríkissjóður sannanlegan kostnað sem launþegi hefur orðið að greiða.

Eftir að bú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta ábyrgist ríkissjóður eingöngu kostnað launþegans vegna

- a) kröfulýsingar í þrotabú,
- b) greiðslukröfu til ríkissjóðs,
- c) móts í skiptarétti.

#### 3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra ákveðið að fela Tryggingastofnun ríkisins að annast meðferð mála vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrotaskipti. Félagsmálaráðherra tekur endanlega ákvörðun um hvort krafa um ríkisábyrgð á launum verði tekin til greina sbr. 11. gr. l. nr. 23/1985.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 23/1985 sbr. VII. kafla laga nr. 7/1990 og öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt er úr gildi felld 11. gr. rg. nr. 9/1980 um Vinnuáskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*